AUGLÝSING

um viðauka við reglugerð nr. 40/1948 fyrir Rafveitu Akraness um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur.

1. gr.

Reglur um tæknilega tengiskilmála fyrir rafmagnsveitur sem staðfestar voru af iðnaðarráðuneytinu 25. september 1990 með reglugerð nr. 391, 25. september 1990 staðfestast hér með til að gilda fyrir Rafveitu Akraness að öðru leyti en því að 2. gr. orðist svo:

2. Spenna og straumtegund.

2.1. Lágspennudreifikerfi rafveitunnar er að jafnaði rekið með 50 riða þrífasa riðstraum á eftirfarandi hátt:

* Víða í eldri bæjarhlutum 220 V á milli fasa í þriggja leiðara dreifikerfum. Stefnt er að því að hækka spennuna í 230 V ekki síðar en á árinu 1995.
* Víðast hvar í bænum og í öllum nýrri hverfum hans 220 V á milli fasa og núllleiðara og 380 V á milli fasa í fjögurra leiðara dreifikerfum. Stefnt er að því að hækka spennuna í 230 V á milli fasa og núllleiðara og í 400 V á milli fasa ekki síðar en á árinu 1995.
* Stefnt er að því að leggja þriggja leiðara kerfið smám saman niður en leggja í þess stað fjögurra leiðara dreifikerfi eins og að framan getur.

2.2. Veituspennan skal að jafnaði vera +/- 10% við heimtaugarúttak. Að lokinni fyrirhugaðri spennuhækkun og fram til ársins 2003 verða þessi spennufrávik + 6% og -10%.

2.3. Við gerð virkja og val neyslutækja, sem tengjast 220 V þriggja leiðara dreifikerfinu, skal gert ráð fyrir að hægt sé að breyta þeim síðar fyrir tengingu við gildandi málspennu á fjögurra leiðara dreifikerfum.

2.4. Um afhendingu á háspennu, að jafnaði 6 eða 11 kV eða annarri alþjóðlegri spennu, svo sem til háspenntra rafskautskatla og mjög stórra iðnaðarhreyfla, skal fara eftir sérsamningi hverju sinni. Í samningi skal m.a. kveða á um gjald fyrir heimtaug, eignaraðild og fyrirkomulag hins háspennta búnaðar, þ.m.t. fyrirkomulag mælingar. Einnig skal gera samning um orkuviðskipti, þar sem kveðið er á um mestu afl- og orkuúttekt, rof og aðra stýringu, ef við á, orkuverð og árlega lágmarksgreiðslu og loks gildistíma samnings. Frá slíkum samningi skal gengið áður en kaup eru fest á tækjum og búnaði.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi um tæknilega tengiskilmála fyrir Rafveitu Akraness, sem bæjarstjórn Akraness hefur samþykkt, staðfestist hér með, skv. 24. gr. laga nr. 58/1967, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 40/1948 fyrir Rafveitu Akraness, til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 12. mars 1991.

F. h. r.
Björn Friðfinnsson.

Guðrún Skúladóttir.